

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 130/1198**  
**komudagur 1.3.2004**

Allsherjarnefnd Alþingis  
c/o Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritara

Reykjavík, 27. febrúar 2004

**Efni: Umsögn Stéttarfélags lögfræðinga v. 463. mál, br. á lögum um lögmennt.**


Stéttarfélag lögfræðinga hefur ekki fengið sent umsagnarbeiðni frá Allsherjarnefnd Alþingi vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um lögmennt. Var umsagnarbeiðni aðeins send BHM þann 5. febrúar sl., en benda verður á að Stéttarfélag lögfræðinga hefur sjálfstæðan samningsrétt, en ekki Bandalag háskólamanna sem umsögnin var stíluð til. Varðar umrætt lagafrumvarp hagsmunum tengdum lögfræðingum og hagsmunum tengdum kjaramálum lögfræðinga í starfi hjá ríki og sveitarfélögum. Telur félagið því að nauðsynlegt sé að Allsherjarnefnd fái innsýn í sjónarmið Stéttarfélags lögfræðinga á umræddu lagafrumvarpi til breytinga á lögum nr. 77/1998, um lögmennt, enda þótt runnin sé út uppgefinn umsagnarfrestur þann 23. febrúar sl.

Stéttarfélag lögfræðinga lýsir áhyggjum sínum yfir því hvernig staðið verður að námi lögfræðinga og hvað muni teljast fullnaðarnám í lögfræði sbr. skilyrði 4. t.l. 1. mgr. 6. gr laganna. Jafnframt því hefur stéttarfélagið áhyggjur af gæðum laganáms á Íslandi. Til þessa hafa atvinnurekendur geta treyst því að lögfræðingar hafi að baki a.m.k. fimm ára háskólanám í lögfræði og hafi yfir að búa góðri færni í að beita þeirri þekkingu sem þeir hafa aflað sér í náminu í lagadeild Háskóla Íslands. Lögfræðingur hefur því verið gæðastimpill á hvern þann sem hefur aflað sér þess náms.

Í ljósi breyttrar þróunar laganáms á Íslandi geta atvinnurekendur ekki lengur treyst því að þeir viti hvað standi á bak við starfsheitið lögfræðingur. Fjórir háskólar bjóða í dag upp á laganám og allir með ólíkum áherslum og ekki hægt að leggja sömu mælistiku á gæði þess náms sem þar er í boði. Í það minnsta ef miðað er við námskröfur við lagadeild Háskóla Íslands.

Stéttarfélag lögfræðinga leggur því til að starfsheitið lögfræðingur verði lögverndað, eins og svo mörg önnur starfsheiti fagstétta. Styðst verði við sambærilega aðferðarfræði lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga nr. 27/1981, styðjast við. Starfsheiti annarra stétta hafa verið lögvernduð með ýmsum hætti og fylgir í Viðauka I upptalning á nokkrum lögverndunarlögum og lögum nr. 27/1981.

Virðingarfyllst,



f.h. Stéttarfélags lögfræðinga  
Friðrik Friðriksson

## Viðauki I

### Lögvernduð starfsheiti, með sérstakri lagasetningu

1. 1976 nr. 40 23. maí Lög um sálfræðinga
2. 1981 nr. 27 25. maí Lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga
3. 1985 nr. 24 28. maí Lög um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta
4. 1987 nr. 55 30. mars Tollalög
5. 1988 nr. 53 19. maí Læknalög
6. 1994 nr. 36 22. apríl Húsaleigulög
7. 1994 nr. 78 19. maí Lög um leikskóla
8. 1995 nr. 66 8. mars Lög um grunnskóla
9. 1996 nr. 8 11. mars Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum
10. 1996 nr. 72 11. júní Lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla
11. 1996 nr. 80 11. júní Lög um framhaldsskóla
12. 1997 nr. 18 17. apríl Lög um endurskoðendur
13. 1997 nr. 73 28. maí Skipulags- og byggingarlög
14. 1998 nr. 77 15. júní Lög um lögmenn
15. 1998 nr. 86 16. júní Lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra
16. 2000 nr. 148 20. desember Lög um dómtúlka og skjalapýðendur
17. 2002 nr. 30 16. apríl Lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu
18. 2002 nr. 53 8. maí Lög um Tækniháskóla Íslands

### Lög um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga nr. 27/1981

---

Tóku gildi 9. júní 1981. *Breytt með* L. 41/2001 (tóku gildi 1. júní 2001).

**■1. gr.** [Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur hafa þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla eða meistaranámi úr framangreindum deildum, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 41/2001, 1. gr.

**■2. gr.** Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan aðri skóla.

Þó má veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

[Áður en leyfi er veitt skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og tveir samkvæmt tilnefningu ráðherra og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 41/2001, 2. gr.

**■3. gr.** Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

**■4. gr.** Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

**■5. gr.** Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.